

Sparisjóður Glæsibæjarhrepps

Afhending 1023/1

1908: Málfundafélag Glæsibæjarhrepps ræddi stofnun sparisjóðs í hreppnum á nokkrum fundum yfir veturinn. Á almennum hreppsfundi var endanlega samþykkt að stofna sparisjóð og að sveitarfélagið væri stofnandi hans.

Fyrsti stjórnarformaður sparisjóðsins og aðalforgöngumaður að stofnun hans var Stefán Stefánsson bóndi á Hlöðum. Með honum í stjórn voru Kristján Jónsson í Glæsibæ, varaformaður og Benedikt Guðjónsson á Moldhaugum, gjaldkeri.

Páll Pálsson á Dagverðareyri lagði fyrst fé inn í Sjóðinn, hann setti 250 kr. inn á sparisjóðsbók sumarið 1908.

1908-1940: Sjóðurinn var starfræktur á heimili gjaldkera en gjaldkerinn sá um daglegan rekstur sjóðsins og var alltaf einn stjórnarmanna. Sjóðurinn var til skiptis að Moldhaugum og Hlöðum í umsjá nokkurra mismunandi gjaldkera.

1940: Jón Marínó Benediktsson gjaldkeri Sparisjóðsins flutti til Akureyrar og hóf afgreiðslu af heimili sínu til að byrja með. Svo fór Sparisjóðurinn í leiguhúsnæði á ýmsum stöðum á Akureyri fram til ársins 1968.

1968: Sparisjóður Glæsibæjarhrepps keypti og flutti í eigið húsnæði að Brekkugötu 7, eftir að hafa verið starfræktur í 60 ár. Í fyrsta sinn voru starfsmenn Sparisjóðsins fleiri en einn þegar Jón Marínó fékk sér aðstoðarmann hluta úr degi.

1983: Húsnæðið að Brekkugötu 7 var orðið of þröngt undir starfseminu. Ákveðið að kaupa 100 m² verslunarhúsnæði á jarðhæð í Brekkugötu 9 og var starfsemin flutt þangað.

1988: Sparisjóðurinn var með sjö manns í vinnu, sex í fullu starfi og einn í hlutastarfi.

1996: Sparisjóður Glæsibæjarhrepps og Sparisjóður Akureyrar og Arnarneshrepps hófu byggingu á sameiginlegu útibúi á Akureyri.

1997: Sparisjóður Glæsibæjarhrepps sameinaðist Sparisjóði Akureyrar og Arnarneshrepps og þeir urðu að Sparisjóði Norðlendinga.

Sparisjóður Glæsibæjarhrepps var mikil lyftistöng fyrir Glæsibæjarhrepp. Hann lánaði mikið fé til byggingar Þelamerkurskóla og til rafvæðingar í hreppnum. Stjórn Sparisjóðsins gaf líka peninga í hin og þessi málefni, einkum á stórafmælum Sjóðsins. Sjóðurinn var eignaraðili að Reiknistofu bankanna og aðili að Tryggingarsjóði sparisjóða og Lánastofnun sparisjóða.

Aðrar afhendingar sem innihalda gögn frá sama skjalamyndara eru: 2013/97 og 2019/42.

Héraðsskjalasafninu á Akureyri

22. janúar 2024

Katrín Björg Þórisdóttir

Skjalavörður

Geymsluskrá

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

1023 / 1

A-Sparisjóður Glæsibæjarhrepps

A-Sparisjóður Glæsibæjarhrepps

1982 - 1996

A	1	1	1982 - 1995	Samstarfssamingur um Tölvumiðstöð sparisjóðanna (drög? - 1993); Sameining sparisjóða við Eyjafjörð - skýrsla unnin af Kaupþingi Norðurlands 1995; verksamingur um frágang raflagna í húsnæði Sparisjóðs Glæsibæjarhrepps (1982); samþykktir fyrir Sparisjóð Glæsibæjarhrepps (2 mis. útgáfur, óársett)
A	1	2	1984 - 1989	Ársreikningar
A	1	3	1990 - 1996	Ársreikningar
A	1	4	1986 - 1996	Endurskoðunarskýrslur (óheilt)
A	1	5	1986 - 1996	Skýrslur um eftirlit (óheilt).